

## *Innviðaráðuneytið*

### *Minnisblað*

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**  
Sendandi: **Innviðaráðuneytið**  
Dagsetning: **25.04.2023**  
Málsnúmer: **IRN22060137**  
Bréfalykill: **4.1**

Efni: **Frumvarp um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga (flutningur á verkefnum IS til ríkisins) - 153. löggjafarþing**

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar með starfsmönnum innviðaráðuneytisins vegna frumvarps um breytingar á lögum um Innheimtustofnunar sveitarfélaga, nr. 54/1971 o.fl. kom fram ósk nefndarmanna um minnisblað til frekari skýringar á tillögu frumvarpsins um niðurlagningu Innheimtustofnunar sveitarfélaga fjórum árum eftir gildistöku laganna.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er lagt til að verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði færð yfir til ríkisins, ásamt óinnheimtum kröfum stofnunarinnar, fasteign hennar, skrifstofubúnaði og innheimtu- og upplýsingakerfum í eigu stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að önnur réttindi eða skuldbindingar stofnunarinnar færist yfir til ríkisins.

Hafa ber í huga að Innheimtustofnun sveitarfélaga er í eigu sveitarfélaga. Um er að ræða óvenjulegt fyrirkomulag þar sem ekki finnast önnur dæmi um stofnun í íslenska stjórnkerfinu sem rekin er sameiginlega af sveitarfélögum. Bera öll sveitarfélög landsins því sameiginlega ábyrgð á eignum og skuldbindingum stofnunarinnar, og gerir frumvarpið ráð fyrir að svo verði einnig eftir að hún hefur verið lögð niður. Er því ekki hægt bera það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu saman við hefðbundna niðurlagningu ríkistofnanna, þar sem ríkissjóður tekur yfir skuldbindingum og eignum slíkra stofnanna nema annað sé tekið fram en í þessu tilviki taka 64 sveitarfélög við þeirri ábyrgð.

Í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir að aðrar eignir eða skuldbindingar færist yfir til ríkisins en þær sem að framan greinir og tilteknar eru í frumvarpinu, er nauðsynlegt að ákveða fyrirvar vegna þeirra réttinda og skuldbindinga sem ekki færast yfir til ríkisins. Að öðrum kosti væri óljóst hver hefði ákvrðunarvald varðandi málefni stofnunarinnar sem gera má ráð fyrir að koma upp eftir að stjórnsýsluverkefni hennar hafa verið færð til ríkisins. Með því að leggja til að stofnunin verði ekki lögð niður, heldur að hún verði starfrækt áfram undir stjórn verkefnastjórnar, sem skipuð er af tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa Innviðaráðuneytisins, sem hefur í höndum yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er tryggt að slíkt fyrirvar sé fyrir hendi.

Þegar lagt er til að stofnunin verði ekki lögð niður formlega fyrr en að fjórum árum liðnum frá gildistöku laganna var einkum horft til þeirrar óvissu sem kann að skapast um fyrirvar vegna mögulegra réttinda og skuldbindinga stofnunarinnar ef hún yrði lögð niður áður en mál sem varða stofnunina hafa verið leidd til lykta. Er þar sérstaklega haft í huga dómsmál á hendur stofnuninni vegna starfsmannamála en óvíst er hvenær meðferð þeirra ljúki. Einnig er horft til þess að almennur fyrningartími krafna er fjögur ár, sbr. 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, og því sé nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi skýrt fyrirvar um málefni stofnunarinnar á því tímabili eftir að verkefni hennar hafa verið færð yfir til ríkisins.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að starfsemi verði í stofnuninni eftir að stjórnsýsluverkefni hafa verið færð frá henni, er ljóst að starf verkefnastjórnar verður umfangs- og kostnaðarlítið. Leiða varúðar- og gagnsæissjónarmið til þess að verkefnastjórn þurfi að vera áfram til staðar til annast fyrirvar réttinda og skuldbindinga stofnunarinnar, a.m.k. yfir þann tíma sem almennur fjögurra ára fyrningartími krafna varir. Rétt er einnig að áréttta að ekkert er því til fyrirstöðu að stofnunin verði lögð niður með

einfaldri lagabreytingu fyrir þann tíma ef tilefni þykir er til.